

Kappadeild – starfsáætlun 2024 - 2025

Áherslur 2024-2026

Lyftum því sem vel er gert
beitum áhrifum okkar og aukum sýnileikann

Þema starfsársins:

Lyftum því sem vel er gert, nærum það góða hjá okkur sjálfum
og nærsamfélaginu

Dagsetning	Staðsetning/ veitingar	Umsjón og skipulag fundar
fim. 26. sept. kl. 18:00–20:30	Staðsetning: Prastarhöfði 24, 270 Mosfellsbær	Umsjón: Stjórnarkonur
fim. 10. okt. kl. 17:00	Boð á fund hjá Gamma deild Staðsetning: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS), Víkurhvarfi 3, 203 Kóp	Fundarefni: Heillaspor Bergdís Wilson, leiðtogi hjá MMS segir frá verkefninu Heillaspor - heildræn nálgun til náms og farsældar sem er umvefjandi og inngildandi, þroskastýrð, áfallamiðuð og nærandi.
mán. 4. nóv. kl.	Staðsetning:	Umsjón: <u>Guðrún Edda Bentsdóttir</u> Gunnlaug Hartmannsdóttir Hildur Elín Vignir Hrafnhildur Tómasdóttir
mið. 4. desember kl.	Staðsetning:	Jólafundur – umsjón: <u>Sigríður Johnsen</u> Björg Jóna Birgisdóttir Dagný Broddadóttir Sigríður Hulda Jónsdóttir
mán. 20. janúar kl.	Staðsetning: Markarflöt 41, 210 Garðabæ	Bókafundur – umsjón: <u>Marsibil Ólafsdóttir</u> Erla Gunnarsdóttir Eyrún Björk Valsdóttir Guðný Gerður Gunnarsdóttir

vinátta – trúmennska - hjálpsemi

Pri.18. febrúar kl.	Staðsetning:	Umsjón: <u>Soffía Vagnsdóttir</u> Áslaug Ármannsdóttir Solveig Jakobsdóttir Sólborg Alda Pétursóttir
mið. 26. mars. kl.	Staðsetning:	Umsjón: <u>Hulda Anna Arnljótsdóttir</u> Júlíana Hilmisdóttir Ragnheiður Axelsdóttir Valgerður Magnúsdóttir
mið. 23.- fim. 24. apríl	Vorfundur - ferð í Dalina	Umsjón: <u>Ingibjörg Guðmundsdóttir</u> Anna Guðrún Hugadóttir Anna Kristín Sigurðardóttir Ásamt stjórn

10. og 11. maí Landsþing og 50 ára afmælishátíð

Umsjón og skipulag funda:

- Orð til umhugsunar
- Viðfangsefni fundar – fyrirlesari
- Fundarritari úr röðum undirbúningsshóps
- Tími og staðsetning
- (Ef fundur er haldinn á veitingahúsi): Hafa samband við veitingahús, panta borð og veitingar.
- Tilkynna formanni / stjórn viðfangsefni, staðsetningu og tíma með 2ja vikna fyrirvara
- Auglýsa fund með 10 daga fyrirvara – dagskrá fundar unnin í samráði við formann

Heimahús – staðsetning og veitingar:

- Hver sér um veitingar – hver kemur með hvað?
- Staðsetning – ef um heimahús er að ræða

Stefna og markmið Delta Kappa Gamma

Stefna Delta Kappa Gamma hljóðar svona:

„Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum“.

Markmið samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.

vinátta – trúmennska - hjálpsemi

- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

Sýn Delta Kappa Gamma kvenna er að vera:

- Forystukonur í fræðslustörfum sem geta haft áhrif á menntun um víða veröld

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra.

Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Aðalinntak markmiðanna er jafnframt að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Því er mikilvægt að ríki horfi ekki eingöngu til meðaltala við mælingar á árangri sínum heldur nálgist innleiðingu markmiðanna á heildstæðan hátt. Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull og krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda en einnig þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Þá eru innri tengsl og samþætt eðli markmiðanna afar þýðingarmikil fyrir framkvæmd þeirra. Óhætt er að fullyrða að ef þjóðum heims tekst að ná markmiðunum innan gildistíma áætlunarinnar þá mun líf allra og umhverfi hafa batnað til mikilla muna árið 2030.

vináttá – trúmennska - hjálpsemi

